

Föstudaginn 7. nóvember 1947.

Nr. 55/1947. Valdstjórnin (Hrl. Ragnar Jónsson)

gegn

Agnari Kristjánssyni (Hrl. Sigurður Ólason).

Ölvun við akstur bifreiðar.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, að kærði sé sviptur rétti til bifreiðarstjórnar 6 mánuði.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Kærði, Agnar Kristjánsson, er sviptur ökuleyfi 6 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 24. janúar 1947.

Ár 1947, föstudaginn 24. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 395/1947: Valdstjórnin gegn Agnari Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 9. s. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 til refsingar, ökuleyfissviptingar og málskostnaðar-greiðslu.

Kærði er Agnar Kristjánsson verkstjóri, Hringbraut 132 hér í bæ. Hann er fæddur 18. júlí 1925 í Reykjavík og hefur áður sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1939 $\frac{1}{2}$ Kærður fyrir að kveikja bál. Afgr. til barnaverndar-
nefndar.
- 1942 $2\frac{3}{10}$ Sátt í Rvík, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 46. gr. lögreglu-
samþykktar Reykjavíkur.

Föstudaginn 4. október s. l. voru tveir lögregluþjónar, Valdimar Guðmundsson og Leifur Jónsson, á varðgöngu við höfnina. Sáú þeir þá, að bifreiðin R 1876 kom að e/s Brúarfossi, sem lá við upp-
fyllinguna neðan við Pósthússtræti. Kom ökumaðurinn út úr bif-
reiðinni, gekk upp landgöngubrúna og gaf sig á tal við varðmanninn
í skipinu. Lögreglumennirnir gengu á eftir ökumanninum, sem síðar
reyndist vera kærði í máli þessu, og urðu þess varir, að hann var
undir áhrifum áfengis. Töluðu þeir við varðmanninn og fóru síðan
á eftir kærða, sem genginn var í land, og handtóku hann skammt
frá skipinu og færðu á lögreglustöðina.

Kærði hefur neitað því staðfastlega við rannsókn málsins, að
hann hafi ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Kveðst hann að
visu hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann var handtekinn, en
það stafi af því, að þegar er hann hafði stöðvað bifreiðina við land-
göngubrúna hafi hann teygjað slatta af ákaviti úr sitrónflösku, sem
verið hafi í bifreiðinni. Af drykkju þessari kveðst hann svo strax
hafa fundið á sér áfengisáhrif.

Vitnið Valdimar Guðmundsson telur framangreinda frásögn kærða
hljóta að vera ranga. Segir hann, að það hafi engum togum skipt,
að kærði hafi komið út úr bifreiðinni, er hún hafði numið staðar.
Valdimar segist hafa séð á kærða, að hann var ölvaður, þegar hann
gekk fram hjá kærða á landgöngubrúnni. Vitnið segir, að kærði
hafi fyrst, er hann var handtekinn, neitað, að hann hafi verið að
aka R 1876 og ekki viðurkennt það fyrr en kveikjulaslykill bifreið-
arinnar fannst á honum á lögreglustöðinni. Valdimar hefur unnið
eið að framburði sínum.

Vitnið Leifur Jónsson telur einnig alveg útilokað, að kærði hafi
haft nokkurt tóm til að neyta áfengis, eftir að hann stöðvaði bif-
reiðina, en áður en hann kom út úr henni. Vitnið hefur unnið dreng-
skaparheit að framburði sínum.

Vitnið Sveinbjörn Matthías Október Sveinbjörnsson lögregluvarð-
sjóri, sem átti tal við kærða á lögreglustöðinni, hefur skýrt frá því,
að kærði hafi játað greinilega, að hann hefði ekið bifreiðinni undir
áfengisáhrifum.

Vitnið Kristinn Ágúst Sigurðsson, sem var varðmaður í e/s Brúar-
fossi í umrætt skipti, hefur skýrt svo frá, að kærði hafi komið út
úr bifreiðinni, sem sagt í sömu andráníni og bifreiðin nam staðar.

Valdimar Guðmundsson lögregluþjónn kvaðst hafa athugað bif-
reið kærða, og hefði engin flaska verið í henni. Kærði hefur enga
skýringu getað gefið á því, hvað orðið hafi af flösku þeirri, er
hann taldi sig hafa drukkið úr. Kærði hefur játað, að hann hafi í

fyrstunni ekki viljað viðurkenna, að hann hefði ekið bifreiðinni, og telur hann sig hafa gert það af einhvers konar þrjúzku við lög-
reglumennina.

Eins og fyrr segir, kveðst kærði hafa verið undir áfengisáhrif-
um, er hann var handtekinn, og er það í samræmi við framburði
vitnanna, sem öll telja kærða hafa verið greinilega undir áhrifum.
Það verður að telja, að frásögn kærða um áfengisneyzlu hans að
loknum akstrinum fái eigi staðizt með tilliti til framburða framan-
greindra vitna. Verður því að slá því föstu, að kærði hafi verið undir
áfengisáhrifum við aksturinn, og hefur hann þannig gerzt brotlegur
við 21. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23.
gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Refsing kærða þykir
hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber að svipta kærða ökuleyfi bifreiðarstjóra í 3 mánuði frá
birtingu dóms þessa samkvæmt 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bif-
reiðalaganna.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, að meðtöld-
um málsvarnarlaunum til skipaðs talsmanns síns, Sigurðar Ólasonar
hrl., er ákveðast 250 krónur.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Kærði, Agnar Kristjánsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Kærði er sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra í 3 mánuði frá birt-
ingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-
varnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sigurðar Ólasonar hæsta-
réttarlögmanns, 250 krónur.

Dóminum skal fullnæga með aðför að lögum.

Priðjudaginn 11. nóvember 1947.

Nr. 130/1946. H/f Askur (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Erlendi Helgasyni

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Ágreiningur um áhættuþóknun sjómanns.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar
með stefnu 21. september 1946, að fengnu áfrýjunarleyfi